

REGLUGERÐ um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands

1. gr.

Við Háskóla Íslands starfar Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Stofnunin er vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun og heyrir undir háskólaráð.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að vera vettvangur rannsókna og fræðslu um alþjóðamál.

3. gr.

Hlutverki sínu gegnir stofnunin einkum með því að:

- gera rannsóknáætlanir á sviði alþjóðamála og standa að framkvæmd þeirra,
- veita starfsmönnum stofnunarinnar og öðrum aðstöðu til rannsókna,
- gangast fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum og fyrirlestrum um efni sem starfssvið stofnunarinnar varðar,
- vinna að útgáfu rita um alþjóðamál,
- hafa samvinnu við erlendar rannsóknastofnanir.

4. gr.

Háskólaráð skipar fimm menn í stjórn stofnunarinnar til þriggja ára í senn. Tveir skulu skipaðir af háskólaráði án tilnefningar. Félagsvísindadeild, lagadeild og viðskipta- og hagfræðideild tilnefna einn stjórnarmann hver. Stjórnin ræður forstöðumann og annað starfslíð. Forstöðumaður skal hafa sérmenntun á fræðisviði stofnunarinnar.

5. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar hefur umsjón með daglegum rekstri hennar. Jafnframt annast hann áætlanagerð og samræmir fjáröflunarleiðir. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn. Hann situr stjórnarfundum og hefur þar tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

6. gr.

Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann. Formaður boðar stjórnarfundum. Stjórnin ákveður m.a. rannsóknarstefnu stofnunarinnar, hefur eftirlit með starfsemi hennar og veitir fé til einstakra rannsóknaverkefna.

7. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- fjárveitingar á fjárlögum,
- styrkir til einstakra verkefna,
- greiðslur fyrir verkefni,
- gjafir,
- annað.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu vera hluti af fjárlagatillögum háskólans.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett sbr. heimild í 9. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 78/1979, 66. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 4. maí 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.